

heimild til að afsala af jörðinni spildu, er sè allt að 2 $\frac{1}{2}$ alin á breidd, ef það sýnir sig meðan verið er að vinna verk þetta, að það hentar.

Eptir að skrifazt hefir verið á við fjárstjórnina um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, að stjórnarráðið hërmeð veitir það sem sókt hefir verið um, á þann hátt, sem þér hafið stungið uppá.

1866.
22. júní.

63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um linun í afgjaldi af konungsjörðum á vesturlandi.

29. júní.

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá bréf yðar, herra amtmaður, dagsett 29. janúarmán. þ. á., bar hún upp fyrir konungi málefni það, er þar er um rædt, og hefir hans hátign 25. þ. m. allramildilegast fallizt á þær tillögur stjórnarráðsins, að leiguliðum á þjóðjörðunum í vesturumdæminu á Íslandi enn í 4 ár, er talin sè frá fardögum 1865, veitist sú hin sama linun í landskuldagjaldi af ábýlisjörðum sínum, sem þeir hafa verið aðnjótandi nú á síðari árum, en það er á þann hátt, að þeir greiði $\frac{5}{6}$ landskuldarinnar eptir fornu verðlagi, en $\frac{1}{6}$ í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá á ári hverju; þó skal bjóða umboðsmönnum að hækka landskuldina við ábúandaskipti eptir nákvæmari ákvörðun amtmanns í hvert skipti, þegar slíkt þykir fært eptir ásigkomulagi jarðarinnar og öðrum atvikum.

Þetta er yður hërmeð kunngjört, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, svo sem þörf er á.